

# Námsval innflytjenda við lok grunnskóla

Kolbeinn Hólmar Stefánsson, félagsfræðingur M.Sc.,  
D.Phil., dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Kolbeinn Hólmar  
Stefánsson

## Útdráttur

Í þessari grein er fjallað um námsval innflytjenda við lok grunnskóla í samanburði við námsval innfæddra. Athyglinni er beint að áhrifum námsárangurs í grunnskóla annars vegar og áhrifum annarra þátta sem tengjast félagslegri stöðu innflytjenda hins vegar á muninn á námsvali ólíkra innflytjendahópa og innfæddra. Þá er lagt mat á það hvort námsval innflytjenda einkennist af hjartsýni, eins og það gerir í mörgum nágrennalandanna. Í rannsókninni eru notuð skráargögn frá Hagstofu Íslands. Niðurstöðurnar eru fengnar með lýsandi tölfræði, tvíundargreiningu og staðleysugreiningu. Þær benda til þess að ákvörðunin um að halda áfram eða hætta í námi við lok grunnskóla einkennist ekki af hjartsýni. Valið á milli verknámsbrauta og stúdentsbrauta geri það hins vegar hjá innflytjendum almennt sem og innflytjendum frá Póllandi og öðrum Evrópulöndum en ekki frá Asíu. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að mismunandi þættir hafi áhrif á námsval ólíkra innflytjendahópa. Af því leiðir að það þarf mismunandi inngríp til að jafna stöðu ólíkra innflytjendahópa gagnvart innfæddum í íslenska skólakerfinu, svo sem fjárstuðning, námsstuðning eða úrlausn annarra félagslegra þátta.

**Lykilorð:** menntun, innflytjendur, árangur, námsval.

## Abstract

This article presents findings on the educational choices of immigrants at the end of primary school by analysing the relative contributions of past education performance, on the one hand, and other unmeasured characteristics, on the other, on educational choices of immigrants relative to those of natives. It tests for the existence of immigrant optimism that has been found in the education choices of immigrants in other European countries. The study uses register data from Statistics Iceland. Results are in the form of descriptive statistics, logistic regressions and counter-factual analyses. The findings suggest that the choice of whether to continue

or quit after primary school is not characterised by immigrant optimism. However, the choice between vocational and academic tracks is for immigrants in general and for Polish and other European immigrants but not for immigrants from Asia. The results further suggest that different things influence the educational choices of different immigrant groups. This implies that different policy interventions are required for different immigrant groups, ranging from financial support, educational support and tackling other social conditions associated with immigrant status.

**Keywords:** education, immigrants, performance, educational choice.

## Inngangur

Undir lok tíunda áratugar síðustu aldar hóf innflytjendum að fjölga á Íslandi og eftir 2005 fjölgaði þeim hraðar en áður. Samkvæmt Hagstofu Íslands bjuggu 5.357 innflytjendur á Íslandi í ársbyrjun 1996. Í ársbyrjun 2021 voru innflytjendur á Íslandi 57.126, sem er meira en tífoldun á aldarfjórðungi. Fjölgun innflytjenda á Íslandi er ekki einsdæmi. Nágrannalöndin hafa gengið í gegnum sams konar breytingar og gerðu það raunar mun fyrr en Ísland. Hvað sem því líður er þetta bæði stór og hröð samfélagsbreyting sem óhjákvæmilega fylgja ýmsar áskoranir. Ein sú helsta er að sjá til þess að innflytjendur og afkomendur þeirra verði hluti af íslensku samfélagi en ekki einangraðir og jafnarsettir.

Menntakerfið gegnir lykilhlutverki í því sambandi. Skólar eru vettvangur þar sem félagsleg tengsl myndast. Þá veitir menntun fólki tækifæri á vinnumarkaði og auknar bjargir til að hafa áhrif á eigið líf. Það hefur hins vegar sýnt sig í nágrannalöndunum að innflytjendur standa sig oft verr í námi en innfæddir. Samt benda rannsóknir til þess að sumir hópar innflytjenda séu líklegri til að halda áfram námi en aðrir og líklegri til að velja bóknám en innfæddir með sama námsárangur. Í erlendum rannsóknum hefur þetta mynstur verið kallað



„bjartsýni innflytjenda“ (e. immigrant optimism). Bjartsýni í námsvali getur dregið úr mun á menntunarstigi milli innfæddra og innflytjenda og afkomenda þeirra. Á hinn bóginn getur hún reynst vera tvíeggjað sverð og haft neikvæð áhrif þannig að innflytjendur færast of mikið í fang og hrökklast úr námi. Sumir þeirra hafa ekki svigrúm til að reyna við annað nám, sér í lagi ef þeir búa við bágan fjárhag.

Þrátt fyrir mikla fjölgun innflytjenda á Íslandi og í íslenska skólakerfinu hefur námsval innflytjenda ekki verið rannsakað á Íslandi. Þessi grein er fyrsta skrefið til að fylla í þessa eyðu í þekkingu með því að greina námsval tveggja árganga innflytjenda, fæddra 1995 og 1996, við lok grunnskóla (árið sem þau verða sextán ára) í samanburði við innfædda. Rannsóknarspurningarnar eru þjár:

1. Einkennist námsval innflytjenda (halda áfram eða hætta/verknámsbraut eða stúdentsbraut) af bjartsýni?
2. Hafa mismunandi þættir áhrif á námsval ólíkra hópa innflytjenda?
3. Hvaða inngrip væru áhrifaríkust til að jafna stöðu ólíkra hópa innflytjenda og innfæddra í íslenska skólakerfinu?

Rannsóknarniðurstöðurnar geta nýst til leiðsagnar fyrir stefnumótunaraðila um það hvernig úrræði nýtast best til að jafna stöðu ólíkra hópa innflytjenda og innfæddra í íslenska skólakerfinu, til dæmis við framkvæmd laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá geta niðurstöðurnar nýst skólafélagsráðgjöfum sem starfa samkvæmt þeirri löggjöf.

Í næsta hluta verður fjallað um fræðilegt samhengi rannsóknarinnar. Þar á eftir er gögnum og aðferðum rannsóknarinnar lýst. Þá er greint frá niðurstöðunum. Að lokum er rannsóknarspurningunum svarað í umrædukafla greinarinnar. Þar verður einnig greint frá því hvaða ályktanir má draga af niðurstöðunum fyrir stefnumótun en greininni lýkur á tillögum um áherslur frekari rannsóknar.

**Fræðilegt samhengi**

Þessi grein fellur inn í tiltekna rannsóknarhefð sem á uppruna sinn í rannsóknum á áhrifum stéttarstöðu foreldra á það hve langt börn þeirra ganga menntavegin og á hvaða rein þau ferðast (það er hvort þau velja verknám sem leiðir beint til starfa á vinnu- markaði eða akademískar námsbrautir sem búa nemendur undir nám á háskólastigi). Þessar rannsóknir

sýna að námsárangur nemenda úr verkamannastéttum er almennt verri en nemenda úr milli- og efri stéttum. Auk þess eru þessir nemendur líklegri til að hætta þegar grunnskóla lýkur og til að velja verknámsbrautir umfram akademískar brautir ef þeir halda áfram í námi. Munurinn á milli stétta skýrist aðeins að hluta til af mismunandi námsárangri (óbein áhrif) en aðrir ómældir þættir (bein áhrif) hafa gjarnan meiri áhrif á val nemenda (Boudon, 1974; Erikson, Goldthorpe, Jackson, Yaish og Cox, 2005). Eitt dæmi um slíka þætti er fjárhagur fjölskyldna en fjölskyldur í verkamannastétt hafa lægri tekjur og verri eignastöðu en milli- og efri stéttirnar. Það þýðir að meiri áhætta er fólgin í námsvali nemenda úr verkamannastétt. Ef námsvalið leiðir til brotthvarfs hafa fjölskyldur þeirra oft ekki ráð á að veita þeim annað tækifæri til náms (Breen og Goldthorpe, 1997). Á grundvelli þessara niðurstaðna hafa fræðingar á sviðinu fært rök fyrir því að það sé áhrifaríkast og hagkvæmast að tækla félagslegu þættina sem tengjast stéttarstöðu (beinu áhrifin) til að jafna menntun á milli barna sem alast upp við mismunandi stéttarstöðu.

Þessi nálgun hefur verið heimfærð upp á innflytjendur. Í þeim rannsóknum kemur fram annað mynstur en lýst var hér að framan. Námsárangur innflytjenda er að jafnaði verri en innfæddra. Innflytjendur eru hins vegar líklegri en innfæddir námsmenn til að halda áfram námi eftir grunnskóla. Þeir eru einnig líklegri en innfæddir til að velja akademískar námsleiðir fremur en verknám (Heath og Brinbaum, 2014; Jackson, Jonsson og Rudolphi, 2012; Kao og Tienda, 1995). Þetta mynstur hefur verið kallað „bjartsýni innflytjenda“ (e. immigrant optimism). Ein af meginskýringunum á mynstrinu er að innflytjendur veljist ekki af handahófi úr þýði þess lands sem þeir eru frá. Þeir eru gjarnan úr milli- eða efri millistéttum upprunasamfélagsins og vilja að börn sín endurheimti slíka félagslega og efnahagslega stöðu í nýja samfélaginu (Cebolla-Boado, Ferrer og Soysal 2020; Engzell, 2019). Þetta endurspeglast í metnaðarfullum áformum um bæði nám og starfsferil að námi loknu (Busse og Scharenberg 2022; Hadjar og Scharf 2019).

Hér verður ekki reynt að skýra bjartsýni í námsvali meðal innflytjenda á Íslandi heldur er markmiðið mun hóflegra, að leita að vísbendingum um það hvort bjartsýni í námsvali megi yfirhöfuð finna meðal þeirra.

Framan af taldi félagsvísindafólk á þessu sviði að bjartsýni í námsvali væri jákvæð þar sem hún gæti valdið því að munurinn á menntunarstigi innflytjenda og innfæddra minnkaði (Jackson, Jonsson og Rudolphi, 2012). Nýlegri rannsóknir benda þó til þess að bjart-



sýnin sé tvíeggjað sverð. Vissulega bæta margir innflytjendur stöðu sína með námsvali sem er metnaðarfullra en einkunnir gefa tilefni til. Á móti kemur að umtalsverður hópur færast of mikið í fang og fellur brott úr námi. Þar sem tekjur innflytjendafjölskyldna eru að jafnaði lægri en innfæddra þýðir það að margir í þeim hópi hafa ekki ráð á að reyna fyrir sér á annarri námsleið. Þeir enda því í verri stöðu en ef þeir hefðu farið beint í verknám fremur en á stúdentsbraut (Birkelund, 2020; Dollmann og Weißmann, 2020).

Fyrir utan tekjur eru ýmsir aðrir þættir sem hamla árangri innflytjenda í skólakerfinu og tengjast innflytjendastöðu sérstaklega. Foreldrar þeirra hafa ekki reynslu af skólakerfinu og það gerir þeim erfitt fyrir að styðja nám barna sinna og leiðbeina þeim um námsval. Foreldrarnir hafa oft minni þekkingu á vinnumarkaðnum en innfæddir foreldrar, og sér í lagi á samspili menntakerfis og vinnumarkaðar. Tungumálaerfiðleikar geta líka hamlað upplýsingaöflun foreldra sem eru innflytjendur sem og getu þeirra til að styðja börn sín í námi. Takmarkaðar hjargar skóla til að styðja nám innflytjenda skipta einnig máli sem og fordómar og mismunun sem innflytjendabörn kunna að verða fyrir í skólanum. Loks er ljóst að innflytjendur eru ekki einseleitir hópur og rannsóknir benda til þess að nokkur munur sé að þessu leyti milli innflytjendahópa eftir uppruna (Heath og Brinbaum, 2014).

### Gögn og aðferðir

Rannsóknin er byggð á skrárgögnum Hagstofu Íslands sem innihalda upplýsingar um tvo árganga sem fæddust árin 1995 eða 1996 og luku grunnskóla á Íslandi. Gögnin innihalda upplýsingar um 8.168 einstaklinga. Þau eru hluti af stærri rannsókn á námsferli ólíkra þjóðfélags hópa eftir að skólaskyldu lýkur og þessi grein er liður í þeirri rannsókn. Það skýrir valið á árgöngum. Til að greina námsferil er nauðsynlegt að þátttakendur hafi náð nægilegum háum aldri á tímabilinu sem er til skoðunar til að hafa átt þess kost að ljúka framhaldsskóla, jafnvel þó einhverjar tafir hafi orðið á náminu.

Svarbreyturnar í rannsókninni eru tvær. Sú fyrri er hvort nemendur hafi haldið áfram námi strax eftir að grunnskóla lauk. Sú seinni tekur aðeins til þeirra nemenda sem héldu áfram í námi og eru með námsárangur úr grunnskóla sem veitir þeim aðgang að annaðhvort verknámi eða stúdentsnámi. Það útlókar nemendur sem var beint á starfsnámsbrautir sem eru einkum ætlaðar fyrir fatlaða einstaklinga eða framhaldsskólabrautir sem eru undirbúningsnám fyrir nemendur með ófullnægjandi námsárangur úr grunn-

skóla, enda er „námsval“ þeirra ekki þeirra eigið. Með þessari afmörkun fækkar þeim stökum sem greiningin byggist á í 6.627 einstaklinga. Þær aðferðir sem eru notaðar hér eru lýsandi tölfræði, tvíundargreining og staðleysugreining (e. counter-factual analysis).

Í þessari grein verða birtar niðurstöður um innflytjendur almennt og um þrjá stærstu innflytjendahópina sérstaklega. Til að teljast til innflytjenda verða einstaklingarnir í gögnunum að eiga báða foreldra fædda erlendis en þeir sjálfir geta verið fæddir á Íslandi eða erlendis. Þetta er í samræmi við flokkun Hagstofu Íslands sem skilgreinir tvo hópa innflytjenda, það er fyrstu og aðra kynslóð. Þessar kynslóðir eiga það sammerkt að eiga báða foreldra fædda erlendis en fæðingarland annarrar kynslóðar getur verið Ísland eða eitthvert annað land. Báðar kynslóðir standa þó frammi fyrir svipuðum áskorunum varðandi nám, svo sem verri aðgangi að upplýsingum um menntakerfið, vinnumarkaðinn og samfélagið, og þær mæta svipuðum tungumálhindrunum og börn sem eiga annað eða báða foreldra fædda á Íslandi. Þrjú stærstu innflytjendahóparnir eru fæddir í Póllandi, Asíu og öðrum Evrópulöndum en Íslandi eða Póllandi. Önnur kynslóð innflytjenda (fædd á Íslandi, báðir foreldrar erlendir) er of fámenn til að hægt sé að gera sjálfstæða greiningu á henni.

### Tvíundargreining

Tvíundargreining er tegund af aðhvarfsgreiningu, lík greiningu minnstu fervika (OLS). Ólíkt OLS þar sem svarbreytan er jafnbilabreyta er tvíundargreining hugsuð til að eiga við tvíkösta svarbreytur. Sem nærtækt dæmi um slíka breytu má nefna „Hættir í námi“ sem fær gildið 0 og „Heldur áfram í námi“ sem fær gildið 1. Stuðlar úr slíkri greiningu endurspeglar lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla sem aftur endurspeglar auknar eða minnkandi líkur á útkomu 1 (t.d. að halda áfram í námi).

Tvíundargreiningarnar sem eru birtar hér eru tvenns konar. Annars vegar eru greiningar þar sem ekki er stýrt fyrir öðrum breytum og hins vegar eru greiningar þar sem er stýrt fyrir námsárangri og fjárhag fjölskyldu nemenda. Það að stýra fyrir námsárangri leiðir beint af rannsóknarspurningu greinarinnar. Námsárangur er mældur sem meðaltal einkunna hvers nemanda í íslensku og stærðfræði í lok 10. bekkjar. Ástæðan fyrir þessari aðgerðabindingu námsárangurs er að þessi tvö fög eru undirstaða árangursríks náms á stúdentsbraut.

Ástæðan fyrir því að stýra fyrir fjárhag er að fjárhagur innflytjenda er gjarnan ólíkur fjárhag innfæddra



á þann hátt að vissir innflytjendahópar eru líklegri til að vera í neðri hluta tekjudreifingarinnar en innfæddir íbúar. Það kann að skýra hluta af mismuninum milli innflytjenda og innfæddra.

**Staðleysugreining**

Staðleysugreiningar miða að því að sýna hvernig niðurstöður rannsókna hefðu verið aðrar ef aðrar aðstæður hefðu verið uppi hvað varðar viðfangsefnið. Staðleysugreiningin sem er notuð hér er framlenging af tvíundargreiningum. Grundvallarhugsunin er sú að muninn á námsvali tveggja hópa megi rekja til tveggja þátta (sjá nánar Kartsonaki, Jackson og Cox, 2013). Fyrri þátturinn er námsárangur (óbein áhrif) sem gefur nemendum og fjölskyldum þeirra vísbendingu um námsgetu nemenda og líkurnar á árangri í frekara námi, eða í stúdentsnámi fremur en verknámi. Seinni þátturinn er bein áhrif af félagslegri stöðu (í þessu tilfalli að tilheyra tilteknum hópi innflytjenda) þegar tekið hefur verið tillit til námsárangurs. Þessi þáttur er túlkaður sem „val“ í rannsóknum á þessu sviði. Það er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að þetta val endurspeglar í raun áhrif fjölda annarra þátta en námsárangurs sem tengjast félagslegri stöðu.

Með staðleysugreiningum er hægt að meta hvert námsval tiltekins hóps hefði verið ef hann hefði haft sömu dreifingu einkunna og annar hópur eða ef hann hefði verið eins að öllu öðru leyti en haldið sínum einkunnum. Auðvitað er það svo í raunveruleikanum að breytingar á annaðhvort námsárangri eða öðrum þáttum í lífi einstaklinga hafa óhjákvæmilega áhrif hver á aðra. Engu að síður gefur staðleysugreining eins og þessi vissar vísbendingar um það hvernig inngríp eru líklegust til árangurs. Ef stærstur hluti munarins á milli tveggja hópa skýrist af námsárangri þurfa inngríp að miða að því að bæta námsárangur og þau þurfa að hefjast snemma á námsferlinum. Ef munurinn skýrist að mestu af mismunandi tekjum þurfa inngríp að vera fjárhagsleg fremur en námsleg og eiga sér stað á þeim tíma þegar einstaklingar taka ákvarðanir um frekara nám.

**Niðurstöður**

Í þessum kafla verður niðurstöðunum lýst. Fyrst er farið yfir lýsandi tölfræði um námsárangur og námsval. Síðan er fjallað um val nemenda á því að halda áfram eða hætta í námi strax eftir grunnskóla. Að lokum verður fjallað um valið á milli stúdentsbrauta og verknámsbrauta.

**Lýsandi tölfræði**

Tafla 1 sýnir lýsandi tölfræði fyrir námsárangur og námsval. Námsvalið sem er horft til er 1) ákvörðunin um að hætta eða halda áfram í námi strax eftir að grunnskóla lýkur og 2) valið á milli verknáms og stúdentsnáms meðal nemenda sem héldu áfram og var ekki beint á sérstakar starfs- eða framhaldsskólabrautir.

Tafla 1. Lýsandi tölfræði: Námsárangur í grunnskóla, hlutfall sem heldur ekki áfram námi strax eftir grunnskóla og hlutfall nemenda sem heldur áfram, en er ekki vísað á framhaldsskólabraut, og velur stúdentsnám fremur en verknám

	Námsárangur (meðaleinkunn)	Fall-einkunn %	Halda ekki áfram strax eftir grunnskóla %	Velja stúdentsbraut %
Innfæddir	7,0	13,6	2,8	81,7
Innflytjendur	5,5	35,5	7,8	76,0
Evrópa	5,7	28,7	6,9	84,0
Pólland	5,0	44,8	6,9	75,5
Asía	5,0	49,1	13,2	62,5

Í töflunni má sjá að námsárangur innflytjenda er að meðaltali verri en innfæddra, hvort sem er horft til meðaleinkunnar eða hlutfalls með einkunn undir 5. Innflytjendur eru líka líklegri til að halda ekki áfram námi strax eftir að grunnskóla lýkur og ögn lægra hlutfall þeirra sem hafa val á milli verknáms- og stúdentsbrauta velur stúdentsbrautir.

Taflan sýnir líka að það er þó nokkur munur á milli innflytjendahópa. Innflytjendur sem fæddust í Evrópulöndum öðrum en Íslandi eða Póllandi eru með ögn betri námsárangur en innflytjendur sem fæddust í Póllandi eða í Asíu þegar horft er til meðaleinkunnar (5,5 samanborið við 5 hjá báðum hinum hópunum). Meðaleinkunnin er þó mun lægri en innfæddra (7,0). Þegar kemur að hlutfalli með falleinkunn skera innflytjendur frá Evrópu sig frá þeim frá Póllandi og Asíu (28,7% samanborið við 44,8% og 49,1%). Hlutfallið á meðal innfæddra er mun lægra, eða 13,6%.


Þegar kemur að námsvali eru það einkum innflytjendur fæddir í Asíu sem skera sig úr. Mun hærra hlutfall innflytjenda frá Asíu fer ekki í framhaldsskóla strax eftir grunnskóla, eða 13,2% samanborið við 6,9% þeirra sem fæddust í Póllandi eða í öðrum Evrópulöndum. Íslenska menntakerfið er mjög opið og það er mögulegt að hluti hópsins snúi aftur í nám seinna meir (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christine Tannhauser, 2011). Hvað varðar hópinn sem velur á milli verknáms- og stúdentsbrauta er engin samleitni með innflytjendahópum. Þeir sem fæddust



í Evrópu eru með hæsta hlutfall nemenda sem velja stúdentsbraut (84,0%), ögn hærra en hlutfall innfæddra (81,7%). Hlutfallið er lægra meðal þeirra sem fæddust í Póllandi (75,5%) og lægst meðal þeirra sem fæddust í Asíu (62,5%).

*Aframhaldandi nám eftir grunnskóla*

Hér beinum við athyglinni að því hvort innflytjendur kusu að halda áfram námi eftir að grunnskóla lauk eða ekki. Mynd 1 sýnir lógaritmíska umbreytingu gagnlíkindahlutfalla fyrir innflytjendur almennt og þrjá stærstu innflytjendahópana í gögnunum. Niðurstöðurnar endurspeglar líkur innflytjenda á að halda áfram námi um leið og grunnskóla lauk samanborið við innfædda. Rauðu súlurnar sýna stuðla úr tvíundargreiningu þar sem er ekki stýrt fyrir öðrum þáttum. Appelsínugulu súlurnar sýna stuðla úr slíkum greiningum þar sem er stýrt fyrir námsárangri í 10. bekk og fjölskyldutekjum.




**Mynd 1. Stuðlar úr tvíundargreiningu. Lógaritmísk umbreyting gagnlíkindahlutfalla. Líkurnar á því að halda áfram námi strax eftir að grunnskóla lýkur. Viðmiðunarhópur: Innfæddir**

Myndin sýnir að innflytjendur eru síður líklegir en innfæddir til að halda áfram námi eftir grunnskóla þegar ekki er stýrt fyrir öðrum þáttum. Innflytjendur frá Asíu skera sig úr með umtalsvert minni líkur en bæði innflytjendur frá Póllandi og frá öðrum Evrópulöndum. Þegar stýrt er fyrir námsárangri og fjölskyldutekjum rúmlega helmingast munurinn á milli innflytjenda og innfæddra. Áhrifin eru þó mjög ólík eftir hópum innflytjenda. Þau eru mest á innflytjendur frá Póllandi en minnst á innflytjendur frá Asíu. Í frekari greiningum, sem eru ekki birtar hér, kom einnig í ljós að fjölskyldutekjur og námsárangur skiptu mismiklu máli eftir hópum innflytjenda. Á meðal innflytjenda frá Evrópu voru það einkum tekjur sem skiptu máli en meðal innflytjenda frá Asíu var það einkum námsárangur. Það sem upp á vantar þegar stýrt hefur verið fyrir námsárangri og tekjum bendir til þess að aðrir félagslegir þættir skipti


máli. Slíkir þættir virðast hins vegar ekki vega þungt fyrir innflytjendur frá Póllandi þar sem fremur lítil munur er á þeim og innfæddum þegar bóúð er að stýra fyrir námsárangri og fjölskyldutekjum.

Hvað varðar ákvörðun innflytjenda um að hætta eða halda áfram námi strax eftir grunnskóla gæti ekki þeirrar hjartsýni sem hefur verið greind í erlendum rannsóknum. Til að svo væri þyrftu innflytjendur að vera með meiri líkur en innfæddir á að halda áfram námi eftir að stýrt hefur verið fyrir námsárangri og tekjum en það er ekki tilfellið.



**Mynd 2. Staðleysugreining: Hlutfall munar á innflytjendum og innfæddum sem halda áfram námi strax eftir að grunnskóla lýkur sem er rakið til námsárangurs í grunnskóla**

Mynd 2 sýnir það hlutfall af muninum á líkum innflytjenda og innfæddra á að halda áfram námi strax eftir grunnskóla sem er rakið til námsárangurs. Niðurstöðurnar eru ólíkar eftir innflytjendahópum og staðfesta að munurinn á innflytjendum frá Evrópu og innfæddum er aðeins að litlu leyti tilkominn vegna mismunandi námsárangurs. Námsárangur er hins vegar stærsta skýringin á muninum á innflytjendum frá Póllandi og innfæddum. Þá er hægt að rekja næstum helminginn af muninum á innflytjendum frá Asíu og innfæddum til námsárangurs í 10. bekk.



**Mynd 3. Staðleysugreining: Hlutföll innflytjenda sem hefðu hætt í námi strax eftir að grunnskóla lauk ef námsárangur þeirra eða aðrir ómældir eiginleikar hefðu verið þeir sömu og innfæddra**



Mynd 3 birtir niðurstöður úr staðleysugreiningu sem sýnir hve hátt hlutfall innflytjenda hefði hætt í námi ef þeir hefðu annaðhvort 1) verið með sama námsárangur og innfæddir eða 2) sinn eigin námsárangur en verið eins og innfæddir varðandi aðra ómælda þætti sem hafa áhrif á námsval. Rauðu súlurnar sýna hlutfall þeirra sem hættu námi eins og það er metið af líkaninu. Appelsínugulu súlurnar sýna hlutfallið sem hefði hætt ef námsárangur hefði verið sá sami og innfæddra (óbein áhrif). Ljósú súlurnar sýna hlutfallið ef innflytjendur hefðu verið með eigin námsárangur en að öðru leyti verið eins og innfæddir (bein áhrif).


Ef innflytjendur hefðu verið með sama námsárangur og innfæddir hefði hlutfallið sem hætti námi eftir grunnskóla lækkað um 2,4 prósentustig, eða úr 9,6% í 7,2%. Beinú áhrifin eru þó meiri. Ef innflytjendur hefðu verið með sína eigin einkunnadreifingu en verið eins og innfæddir að öðru leyti hefði hlutfallið sem hætti í námi eftir grunnskóla lækkað um þrjú prósentustig. Þetta mynstur heldur fyrir innflytjendur frá Evrópu og frá Asíu en ekki frá Póllandi. Fyrir síðastnefnda hópinn hefði hlutfallið lækkað meira ef pólsku innflytjendurnir hefðu verið með sömu einkunnadreifingu og innfæddir, eða um 2,4 prósentustig samanborið við 1,2 prósentustig ef þeir héldu sinni eigin einkunnadreifingu en væru að öðru leyti eins og innfæddir.

Staðleysugreiningin staðfestir að það gæti ekki hjart-sýni í námsvali innflytjenda. Til að svo væri þyrftu beinu og óbeinu áhrifin að toga hvor í sína áttina þannig að staða innflytjenda batnaði ef námsárangur þeirra væri eins og innfæddra en versnaði ef hann væri þeirra eigin en þeir væru eins og innfæddir að öðru leyti.

*Val um verknám eða stúdentsnám*


Í þessum hluta snúum við okkur að valinu á milli verknámsbrauta og stúdentsbrauta. Mynd 4 sýnir lógaritmíska umbreytingu gagnlíkindahlutfalla fyrir innflytjendur almennt og þrjá stærstu innflytjendahópana í gögnunum. Niðurstöðurnar endurspeglar líkur innflytjenda á að velja stúdentsbrautir fremur en verknámsbrautir samanborið við innfædda. Fyrir innflytjendur almennt gæti örlítill hjart-sýni í námsvali. Stuðullinn þegar ekki er stýrt fyrir fjölskyldutekjum og námsárangri er neikvæður en jákvæður þegar stýrt hefur verið fyrir þessum þáttum.

Þetta á þó ekki við um alla innflytjendahópa. Mynstrið er það sama fyrir innflytjendur frá Póllandi. Fyrir innflytjendur frá öðrum Evrópulöndum er stuðullinn jákvæður áður en stýrt er fyrir námsárangri og fjölskyldutekjum en stuðullinn hækkar umtalsvert þegar



**Mynd 4. Tviundargreining: Lógaritmísk umbreyting á gagnlíkindahlutfalli. Líkurnar á að velja stúdentsbraut fremur en verknámsbraut**

stýrt er fyrir þeim þáttum. Það hefur einnig umtalsverð áhrif á stærð stuðulsins fyrir innflytjendur frá Asíu að stýra fyrir námsárangri og tekjum en ekki þannig að formerki stuðulsins breytist. Formerkið er neikvætt bæði með og án stýribreyta. Þessi niðurstaða bendir til þess að það gæti hjart-sýni í námsvali innflytjenda frá Evrópu og Póllandi en ekki frá Asíu.



**Mynd 5. Staðleysugreining: Hlutfall nemenda sem hefðu valið stúdentsbraut ef námsárangur þeirra eða aðrir ómældir eiginleikar hefðu verið þeir sömu og innfæddra**

Mynd 5 sýnir niðurstöður úr staðleysugreiningu. Af því að beinu og óbeinu áhrifin toga hvor í sína áttina fyrir innflytjendur almennt og fyrir innflytjendur frá Evrópu og Póllandi er ekki hægt að reikna hlutfallið af muninum á þeim hópum og innfæddum sem skýrist af hvorum þessara áhrifa fyrir sig. Beinú áhrifin koma fram í því að hlutfallið sem hefði valið stúdentsbraut hefði verið lægra en það var í raun og veru ef innflytjendur almennt sem og innflytjendur frá Póllandi og öðrum Evrópulöndum hefðu verið með sína eigin einkunnadreifingu en verið eins og innfæddir að öðru leyti (ljósú súlurnar bornar saman við þær rauðu). Þetta styður þá túlkun á mynd 4 að það gæti vissrar hjart-sýni í vali að minnsta kosti sumra innflytjenda þó áhrifin séu mun meiri meðal innflytjenda frá Evrópu en frá Póllandi. Hvað varðar innflytjendur frá Asíu myndi herra hlut-



fall þeirra velja stúdentsbrautir hvort sem námsárangur þeirra eða aðrir ómældir þættir væru eins og innfæddra eða ekki. Námsárangurinn vegur þó þyngra. Það er rétt að taka fram að í þessari staðleysugreiningu var stýrt fyrir fjölskyldutekjum. Í frekari greiningum, sem ekki eru birtar hér, kom í ljós að það skipti litlu hvort það var gert eða ekki. Það bendir til þess að það sem vantar upp á fyrir innflytjendur frá Asíu skýrist að mestu af einkunnum en einnig að nokkru leyti af félagslegum þáttum öðrum en tekjum.

### Umræða

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru þær að hjartsýni í námsvali sé ekki áberandi meðal innflytjenda við lok grunnskóla. Ákvörðunin um að halda áfram námi strax eftir grunnskóla bar ekki merki um hjartsýni en það gætti nokkurrar hjartsýni í vali innflytjenda frá Evrópulöndum (öðrum en Póllandi) á milli verknámsbrauta og stúdentsbrauta og raunar má greina veika vísbendingu um hjartsýni í sama vali innflytjenda frá Póllandi. Val innflytjenda frá Asíu sýndi engin merki um hjartsýni.

Niðurstöðurnar sýna einnig að þættirnir sem hafa áhrif á námsval mismunandi innflytjendahópa eru að nokkru leyti ólíkir. Hjá innflytjendum frá Evrópu eru það einkum tekjur og aðrir félagslegir þættir sem hafa áhrif á ákvörðunina um að halda áfram námi strax eftir grunnskóla. Hjá innflytjendum frá Póllandi eru það einkum námsárangur og heimilistekjur sem hafa áhrif á ákvörðunina um að halda áfram námi strax eftir grunnskóla en það er einkum námsárangur sem hefur áhrif á val þeirra á milli verknáms- og stúdentsbrauta. Hjá innflytjendum frá Asíu eru það einkum námsárangur og aðrir félagslegir þættir sem hafa áhrif á bæði ákvörðunina um að halda áfram námi og valið á milli verknámsbrauta og stúdentsbrauta.

Þetta bendir til þess að það þurfi mismunandi inngríp til að jafna stöðu ólíkra innflytjendahópa í íslenska menntakerfinu. Þannig gæti fjárstuðningur gagnast innflytjendum frá Póllandi sem og frá öðrum Evrópulöndum en síður innflytjendum frá Asíu. Námsstuðningur gæti gagnast nemendum frá Asíu og Póllandi en síður innflytjendum frá öðrum Evrópulöndum. Inngríp sem varða aðrar félagslegar aðstæður myndu síst gagnast innflytjendum frá Póllandi en gætu nýst innflytjendum frá öðrum Evrópulöndum og frá Asíu. Niðurstöðurnar sýna að nám innflytjenda er ekki bara viðfangsefni menntakerfisins heldur hafa félagslegir og efnahagslegir þættir einnig áhrif. Þessar niðurstöður geta því nýst við framkvæmd laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, en megin-

áhersla laganna er á samþættingu mismunandi tegunda þjónustu, svo sem náms- og félagsþjónustu. Það dregur svo aftur fram mikilvægi skólafélagsráðgjafar sem félagsráðgjafar hafa bent á (Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2022).

Þó þessi rannsókn gefi vissar vísbendingar eru á henni allnokkrir annmarkar og frekari rannsókna því þörf. Fyrsti annmarkinn er að gögnin ná aðeins yfir tvo árganga en það væri æskilegt að endurtaka rannsóknina með gögnum um fleiri árganga. Í fyrsta lagi myndi rannsóknin þá taka til fleiri einstaklinga og það myndi fjölga greiningarmöguleikum. Í annan stað gæfi slíkt gagnasett færi á að skoða breytingar yfir tíma, til dæmis með tilliti til fjölgunar innflytjenda og breytinga á samsetningu innflytjendahópsins. Þeir árgangar sem hér er fjallað um fæddust 1995 og 1996 sem þýðir að það námsval sem er fjallað um í þessari grein átti sér stað árin 2011 og 2012. Síðan hafa tíu árgangar gengið í gegnum sama val og því brýnt að vita hvort og þá hvernig námsval innflytjenda hefur breyst á þeim tíma. Ein breyting sem kann að hafa haft áhrif er stytting stúdentsnámsbrauta í þrjú ár. Þá er flokkun innflytjenda eftir uppruna mjög gróf í þeim gögnum sem hér var unnið með, sem skýrist af persónuverndarsjónarmiðum. Með stærra gagnasetti væri mögulegt að fá ítarlegri flokkun sem myndi gefa nákvæmari upplýsingar.

### Heimildaskrá

- Birkelund, J. (2020). Aiming high and missing the mark? Educational choice, dropout risk, and achievement in upper secondary education among children of immigrants in Denmark. *European Sociological Review* 36(3), 395–312. <https://doi.org/10.1093/esr/jcz064>
- Boudon, R. (1974). *Education, opportunity, and social inequality. Changing prospects in western society*. Wiley.
- Breen, R. og Goldthorpe, J. (1997). Explaining educational differentials: Towards a formal rational action theory. *Rationality and Society* 9(3), 275–305. <https://doi.org/10.1177/104346397009003002>
- Busse, R. og Scharenberg, K. (2022). How immigrant optimism shapes educational transitions over the educational life course—Empirical evidence from Germany. *Frontiers in Education* 7(894249). <https://doi.org/10.3389/educ.2022.894249>
- Cebolla-Boado, H., Ferrer, A. og Soysal, Y. (2020). It is all about „Hope“: evidence on the immigrant optimism paradox. *Ethnic and Racial Studies* 44(2), 252–271. <https://doi.org/10.1080/01419870.2020.1745254>
- Dollmann, J. og Weißmann, M. (2017). The story after immigrants' ambitious educational choices: real improvement or back to square one? *European Sociological Review* 36(1), 32–47. <https://doi.org/10.1093/esr/jcz042>
- Engzell, P. (2019). Aspiration squeeze: The struggle of children to



- positively selected immigrants. *Sociology of Education* 92(1), 83–103. <https://doi.org/10.1177/0038040718822573>
- Erikson, R., Goldthorpe, J., Jackson, M., Yaish, M. og Cox, D. (2005). On class differentials in educational attainment. *PNAS* 102(27), 9730–9733. <https://doi.org/10.1073/pnas.050243310>
- Hadjar, A. og Schard, J. (2019). The value of education among immigrant and non-immigrants and how this translates into educational aspirations: a comparison of four European countries. *Journal of Ethnic and Migration Studies* 45(5), 711–734. <https://doi.org/10.1080/1369183X.2018.1433025>
- Heath, A. og Brinbaum, Y. (ritstjórar). (2014). *Unequal attainments. Ethnic educational inequalities in ten western countries*. Oxford University Press.
- Jackson, M., Jonsson, J. og Rudolph, F. (2012). Ethnic inequality in choice-driven education systems. A longitudinal study of performance and choice in England and Sweden. *Sociology of Education* 85(2), 158–178. <https://doi.org/10.1177/0038040711427311>
- Kao, G. og Tienda, M. (1995). Optimism and achievement. The educational performance of immigrant youth. *Social Science Quarterly* 76(1), 1–19.
- Kartsonaki, C., Jackson, M. og Cox, D. (2013). Primary and secondary effects: Some methodological issues. Í M. Jackson (ritstjóri) *Determined to succeed? Performance versus choice in educational attainment*. Stanford University Press.
- Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. <https://www.althingi.is/altext/151/s/1723.html>
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhauser. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, J. Polesel og N. Sandberg, *School dropout and completion* (bls. 233–251). Springer.
- Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2022, 6. júní). Farsæld skólabarna: Skólafélagsráðgjöf í samþættri velferðarþjónustu. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222272092d>